

✉ Re: Ósk um umsögn vegna tillögu að dsk fyrir Súgandisey í Stykkishólmi

Búið til	4.2.2022 14:20:37
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	4.2.2022 14:20:34
Tilheyrir	📁 202112-0053 - Ósk um umsögn vegna tillögu að dsk fyrir Súgandisey í Stykkishólmi

Efni

Re: Ósk um umsögn vegna tillögu að dsk fyrir Súgandisey í Stykkishólmi

Upplýsingar

Sent	4.2.2022 14:20:34	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Pátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@stykkisholmur.is

Innihald

Tilvísun í mál nr. 202112-0053 (SS).

Vísað er í bréf frá skipulagsfulltrúa Stykkishólmsbæjar dags. 21. desember 2021 þar sem óskað er eftir ábendingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Súgandisey í Stykkishólmi.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu deiliskipulagsins þann 2. júní 2021. Í umsögninni kom fram að Náttúrufræðistofnun taldi mikilvægt að bæta aðgengi og að skilgreina stíga til að koma í veg fyrir of mikið gróðurask og til að takmarka og stýra betur umferð fólks að klettabrúnum bæði vegna öryggis vegfarenda en einnig til að minnka mögulega truflun fyrir fuglalíf. Lagt var til að gera könnun á fuglalífi svæðisins t.d. til að meta hvort og hvar væru viðkvæm varpsvæði.

Súgandisey er staðsett innan verndarsvæðis skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Þess vegna þarf að huga vel að umhverfisáhrifum, sérstaklega með tilliti til lífríkis. Í deiliskipulagstillögunni er fjallað um umhverfisáhrif og þau metin óveruleg þar sem framkvæmdirnar eru frekar minniháttar. Lífríki nálægt framkvæmdasvæðinu er einkum gróður og fuglar. Ljóst er að framkvæmd á uppbyggingu innviða valdi einhverju raski á gróðri en kemur einnig í veg fyrir mikið rask með því að stýra betur umferð. Þá verður tekið tillit til vistgerða með hátt verndargildi. Stýring umferðar gagnast einnig við að hlífa jarðminjum við hnjaski. Innviðir ættu ekki að ógna stuðlabergsmyndunum en huga þarf að því að framkvæmdir valdi ekki óþarfa raski á þeim.

Athuganir á fuglalífi hafa sýnt að lítið er um fuglavarp í klettum og því ólíklegt að nálægt göngustíga og útsýnisstaða við klettabrún hafi mjög truflandi umferð og hún ætti sömuleiðis að dreifast minna en hún gerir í dag. Þeir fuglar sem verpa í eyinni eru einkum spörfuglar. Með fræðslu til gesta ætti að vera hægt að koma í veg fyrir truflun á varpi þeirra. Minnst er á hrafnslaup í suðvesturhluta eyjunnar en ekki kemur alveg fram hvort uppbygging stíga og útsýnisstaðar við Innsiglinguna sé nálægt þeirri staðsetningu. Hugla mætti að því.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Skipulagsfulltrúi" <skipulag@stykkisholmur.is>

To: "Skipulagsfulltrúi" <skipulag@stykkisholmur.is>

CC:

Subject: Ósk um umsögn vegna tillögu að dsk fyrir Súgandisey í Stykkishólmi

Date: 21.12.2021 17:25:18

Góðan daginn,

Fyrir hönd Stykkishólmsbæjar, langar mig að vekja athygli á eftirfarandi auglýsingu og óska eftir umsögn.

Skipulagstillagan og húsakönnun eru hér í viðhengi en einnig má nálgast skjölin í ráðhúsi bæjarins og á heimasíðu hans: <https://www.stykkisholmur.is/frettir/stok-frett/2021/12/21/Tillaga-ad-deiliskipulagi-Sugandiseyjar-i-Stykkisholmsbae/> (<https://www.stykkisholmur.is/frettir/stok-frett/2021/12/21/Tillaga-ad-deiliskipulagi-Sugandiseyjar-i-Stykkisholmsbae/>)

Auglýsing: tillaga að deiliskipulagi Súgandiseyjar í Stykkishólmsbæ.

Á 402. fundi sínum 30. september s.l. samþykkti bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Súgandisey skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Súgandisey liggur við gömlu höfnina framan við miðbæ Stykkishólms og er tengd landi með uppfyllingu. Á fyllingu framan við eyjuna er m.a. aðstaða fyrir ferjusiglingar um Breiðafjörðinn. Markmiðið með tillögunni er að móta ramma fyrir göngu- og náttúruupplifun á eyjunni og tryggja jafnframt öryggi sjófarenda með sjótengdum mannvirkjum. Skipulagstillagan byggir á núverandi aðstæðum og niðurstöðum úr hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun útsýnisstaðar á eyjunni.

Umsagnir hagsmunaaðila þurfa að berast eigi síðar en 4. febrúar 2022. Þær skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa að Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi eða á netfangið: skipulag@stykkisholmur.is (<mailto:skipulag@stykkisholmur.is>).

Virðingarfyllst og með þökkum,

Kristín Þorleifsdóttir

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála og skipulagsfulltrúi

Ráðhúsinu

Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur

Netfang: skipulag@stykkisholmur.is (<mailto:skipulag@stykkisholmur.is>)

Sími: 433 8100



(<https://www.stykkisholmur.is/>)



(<http://www.nesvottun.is/>)

Viðhengi

image001.png (24 KB)

image002.jpg (5 KB)

image003.png (5 KB)